

## Viðbrögð Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna þjónustu Strætó bs. á næturnar

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggst gegn fyrirhuguðum áformum Strætó bs. að hætta að veita þjónustu næturstrætó. Strætó er þjónustufyrirtæki í eigu almennings sem að eigin sögn byggir á áreiðanleika. Næturstrætó er mikilvæg þjónusta fyrir lykil markhóp strætó og telur Stúdentaráð ranga leið farna með því að skerða þessa þjónustu, eða eins og segir í kynningu um markaðsmál á fundi 341 hjá Strætó bs: *“Forðast þjónustuskerðingar á næstu misserum, Leiðakerfið lykilatriði í að sækja aftur á 20 prósentin”*.<sup>1</sup>

Þann 25. ágúst árið 2017 vannst sigur í þjónustu höfuðborgarbúa þegar stjórn Strætó bs. samþykkti að hefja á ný akstur á nóttunni. Allra helst fögnuðu stúdentar sem nú áttu þess kost að komast leiða sinna á sem hagkvæmastan hátt. Kostnaður við leigubíla er hár og samkvæmt FÍB kostar að 101.608 kr að reka bíl á mánuði<sup>2</sup>. Þekkt er að framfærsla stúdenta er of lág og því nýta stúdentar og yngra fólk sér þjónustu strætó í auknu mæli<sup>3</sup>. Einnig vinnur stór hópur stúdenta, til að mynda, vaktavinnu eða á óhefðbundnum tímum og því mikilvægt að gera fólki kleift að eiga sér örugga leið heim á næturnar.

Það er þar að auki skýr stefna borgaryfirvalda að draga úr bílaumferð vegna yfirvofandi loftslagshamfara. Stór þáttur í því að minnka notkun einstaklingsbíla er að auka almenningsamgöngur og aðgengi að þeim, sem strætó getur boðið upp á. Án þeirrar þjónustu sem næturstrætó býður upp á neyðast stúdentar til þess að leita sér, ef til vill, óumhverfisvænni ferðamáta. Vegna alls þessa þarf að efla þjónustu strætó þannig að hún nýtist sem best íbúum höfuðborgarsvæðisins og þar með stuðla að umhverfisvænni borg.

Í ljósi þess að á ný hefur verið komið á samkomutakmörkunum í samfélaginu sýnir Stúdentaráð því skilning að ekki skuli vera hægt að hefja akstur næturstrætó í þeim aðstæðum. Hins vegar nálgast haustið óðum og skólaár fer að hefjast, hvetur Stúdentaráð því Strætó bs. til þess að endurhugsa fyrirhuguð áform um að leggja niður næturstrætó og bjóða upp á þjónustuna aftur þegar samkomutakmörkunum verður aflétt á ný.

<sup>1</sup> Markaðsmál: Sumar & haust 2021. Strætó (2021). Bls 3 <https://straeto.is/uploads/files/1147-fae51d93b0.pdf>

<sup>2</sup> Reksturskostnaður bifreiða - janúar (2021). <https://www.fib.is/static/files/rekstrarkostnadur/rekstur-bifreida-2021-pdf.pdf>

<sup>3</sup> Markaðsmál: Sumar & haust 2021. Strætó (2021). Bls 6 <https://straeto.is/uploads/files/1147-fae51d93b0.pdf>